

| tíska | tíðarandinn | heilsa | fótbolti | pistlar | matur | hönnun | stjörnuspá |



OG PAÐ VAR MARK!

» Hvernig fagna knattspyrnumennirnir?

FÓTBOLTABÚNINGAR

» Þeir flottustu og ljótustu
í heimsmeistarakeppninni

BUDDY FARAH

» Frá Beirút til Keflavíkur

KAREN OG ADAM
» *Dansinn er þeirra líf*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
9. júní - 15. júní

Siáðu C4

22.869*

Mán.gr. Bilasamningur
Lýsingar og Brimborgar

sóltílboð

Lægra verð. Betri kjör.

Citroën frelsar þig úr viðjum vanans. Hönnun er aðalsmerki. Flott útlit, aukið öryggi og þægindi er munaður sem studd eru snjöllum tækninýjungum. Og ekki er að finna í bílum keppinautanna. Um leið og þú litur Citroën augum renna gömul sannindi upp fyrir þér á ný: Frakkar hafa engu gleymt og hafa enn eina ferðina sett ný viðmið hvað varðar aksturs-ánaegju, öryggi og þægindi. Láttu sjá þig á Citroën. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën á góðu sóltílboði Brimborgar.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltílboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

**Skoðaðu Citroën í nýjum og
glæsilegum sýningarsal.
Bíldshöfða 8.**



Lægra verð. Betri kjör.



Citroën C2 VTS 1.6i
3 dyra 5 gíra 125 hö*



Citroën C3 SX 1.4i
5 dyra 5 gíra 75 hö*

Bilasamningur 21.644 kr.

Rekstrarleiga 35.365 kr.

Verð áður sóltílboðs 1.849.000 kr.

Sóltílboð 1.769.000 kr.

Bilasamningur 18.707 kr.

Rekstrarleiga 30.420 kr.

Verð áður sóltílboðs 1.629.000 kr.

Sóltílboð 1.529.000 kr.



C4 SALOON

**Citroën C4 SALOON SX
1,6i 5 dýra 5 gíra 110 hö***
 Bilasamningur 22.868 kr.
 Rekstrarleiga 36.217 kr.
 Verð án sóltílboðs 1.949.000 kr.
Sóltílboð 1.869.000 kr.

Góður bílasamningur: Aðeins 20 prósent út.



**Citroën C4 COUPÉ VTR 1,6i
3 dýra 5 gíra 110 hö***

Bilasamningur 22.525 kr.
 Rekstrarleiga 35.758 kr.
 Verð án sóltílboðs 1.919.000 kr.
Sóltílboð 1.842.000 kr.



**Citroën Xsara Picasso Exclusive 2,0i
5 dýra sjálfskiptur 137 hö***

Bilasamningur 28.374 kr.
 Rekstrarleiga 44.704 kr.
 Verð án sóltílboðs 2.399.000 kr.
Sóltílboð 2.319.000 kr.



**Citroën C5 X 1,8i
5 dýra 5 gíra 117 hö***

Bilasamningur 26.294 kr.
 Rekstrarleiga 42.168 kr.
 Verð án sóltílboðs 2.219.000 kr.
Sóltílboð 2.149.000 kr.



**Citroën Berlingo Multispace 1,6 dísil
5 dýra 5 gíra 90 hö***

Bilasamningur 22.133 kr.
 Rekstrarleiga 36.075 kr.
 Verð án sóltílboðs 1.889.000 kr.
Sóltílboð 1.809.000 kr.

**Sumario
sr komio
Brimborg**



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

Komdu núna. Sóltílboð Brimborgar
gildir aðeins til 16. júní n.k.
eða meðan birgðir endast.



brimborg

Öruggur staður til að vera á



Við viljum að þú sért í góðu sambandi



Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt.

Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins**.

Þegar framboðið á **sjónvarpi, síma, interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu.

Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.






16



20



14



36

Petta helst

- 7 Bræðralag knattspymunnar
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Atla Freys Steinþórssonar
- 12 Buddy Farah
Frá Beirút til Keflavíkur

Greinar og viðtöl

- 14 Og það var mark!
Hvernig fagna knattspyrnumennirnir?
- 16 Karen Björk Björgvinsdóttir og Adam Reeve:
Dansinn er þeirra líf

Hann/hún

- 20 Gulur matur: Sítrónupasta og grillaður ananas
- 24 Flottustu og ljótustu HM-búningarnir
- 28 Ellif hönnun Jóns Hermannssonar úrsmiðs
- 32 Mýsnar leika sér meðan kettirnir horfa á sjónvarpið
- 34 Emilía Örlygssdóttir elur upp
- 36 Ásdís Halla Bragadóttir,
nýr verndari UNIFEM
- 38 Kvennhalaup
- 40 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
Stjörnuspá Birtu
- 42 Haltu þig við efnið
- 44 Ofnæmi eða óþol
- 46 Leyndardómar kanilsins

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarpsdagskrá næstu viku
- 68 Sudoku

HAFÐU ÞAÐ GOTT Í SUMARFRÍINU



VIÐ PÖSSUM UPP Á
HEIMILIÐ MED
HEIMAVÖRN

Securitas hefur ætið verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimiliðsins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarringinn, allan ársins hring. Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112 þar sem við erum aðal í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðin ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.

Hafðu samband við öryggisrádgjafa í síma **580 7000**



HEIMAVÖRN



Bræðralag knattspyrnunnar

Það voru tólf mínútur í úrslitaleik Frakklands og Brasilíu í heimsmeistarakeppni í knattspyrnu í Frakklandi árið 1998 þegar rafmagnið fór af Vatnsendasendi. Þeir Mosfellingar sem voru búinir að koma sér vel fyrir í sófanum fyrir framan sjónvarpið urðu furðu lostnir þegar auglysingar urðu að snjókomu. Skelfing greip um sig er tilkynnt var um bilunina og óvist væri hvenær viðgerð lyki. Úrslitaleikurinn var í hættu.

Í einu húsinu höfðu framtakssamir bræður boðið öllum sem áhuga höfðu í stórfjölskyldunni að koma og horfa á leikinn. Ættfeður og efnileg ungmenni fyltu stofuna og skeggræddu hvað ætti að gera núna. Ætti að fara í bæinn og missa af fyrstu mínútum leiksins eða ætti að

bíða og setja traust sitt á viðgerðarmenn sjónvarpsins? Þetta var í árdaga örbylgjuloftnetanna og skyndilega mundi eldri bróðirinn að félagi hans ætti eitt slíkt. Þar væri útsending Ríkissjónvarpsins tær sem endranær. Hann greip símann í ofvæni og beið þess sem verða vildi. Myndi félaginn koma honum til bjargar á ögurstundi?

Á þessum degi, á þessum tíma, og vegna þessa leiks, þóttu það sjálfsgóð mannréttindi að bjóða tuttugu karlmönnum, flestum bláókunnugum, heim í stofu að horfa á fótboldaleik. Við vorum ekki bara íslendingar og nágrennar þessar níutíu mínútur sem leikurinn stóð yfir. Á þessari stundu vorum við allir bræður.



heitt & kalt



matur í laufblaði » Vefji vefji

Nýjasta fjúsjonið í eldhúsmenningunni er að vefta matinn inn í lauf þegar hann er eldaður. Matargestir á veitingahúsum bæjarsins hafa ekki farið varhluta af þessum nýja tískustraumi enda eru margir réttir borin á borð vandlegar faldir í íðagrænum gróðri. Til verknaðarins eru einna helst notuð bambus og bananalauf en varla þarf að deila um fegrurnargildi fallegra laufblaða á matardisknum. Heldur verður varla deilt um að hollara sé að grilla fiskinn vafinn inn í náttúrlegt bambuslaufblað heldur en stóriðjuframleiddan álpappír. Þeir sem vilja láta reyna á laufblaðamenninguna ættu að prófa að setja gómsætt pestó inn í blaðið til að ná fram enn betra sumarbragði af réttinum.



íþróttamót » Úúúú á dómarann

Pá er kominn sá tími ársins þegar foreldrar pakka niður legghlífum, tjöldum og fótbalaskóm og þvælast með börnum sínum þvers og kruss um landið á hin ýmsu íþrótta og félagsmót sem fylgja áhugamálum barnanna.

Landsmót, skátamót, fótboltamót, golfmót, pollamót, peyjumót, Essómót, hestamót, sundmót, frjálsíþróttamót, uppskeruhátiðir, sumarhátiðir og svo mætti lengi telja.

Sumarfríði er iðulega skipulagt í kringum slík móti enda vitum við öll hversu mikilvægt það er börnum að taka þátt í góðri og heilsusamlegri skemmtun. Þegar á völliinn er komið stilla stoltir foreldrar sér upp við hliðarlínuna, úa og púa á dómarann en hvetja krakkana sína til sigurs svo barnið brosi það sem eftir lifir sumars.



frjókorn » Atjú

Ýmislegt fylgir sumrinu annað en hækkanandi sól og grilllykt. Blómin springa einnig út og dreifa frjókornum sínum yfir víðan völl í þeim tilgangi að fegra þann völl með litadýrð sinni.

Frjókornin fara því í léttu flugferð með vindinum og mörg hver taka sér stutt stopp í augum og nebbum þeirra sem brugðu sér út til að njóta sólar. Heldur

fer þá að leka úr augum og nebbar roðna með tilheyrandi hnerrum og snýtum. Frjókornaofnæmið lætur á sér kræla og grynnka fer á tissjúborgðum. Besta leiðin til að útrýma ofnæminu væri að malbika allt sem er grænt og vænt. En ekki viljum við það, enda þurfum við á blómunum að halda til að glæða lífið lit.



fótbaltaæði » Heimakært heimsmeistaramót

Pá er komið að því. Heimsmeistaramótið í fótbalta er hafið, fótbaltaunnendur takat mótinu fagnandi og bjóða það hjartanlegra velkomið inn á heimili síni frá gistingu þar sem það fær hundrað prósent athygli.

Úti skín sólin og fuglarnir syngja en inni í stofu sitja sveittir strákar sem öskra á imbakassann leiðbeiningar til knattspyrnuleikmannna í þeiri von að þau berist alla leið til Þýskalands. Eigirkonurnar flyja á kaffihúsini til að tala saman en er hent þaðan út líka jafn harðan svo þær skyggi ekki á risastór breiðtjöld sem fóðra alla veggi næstu vikurnar. Á endanum sigrar eitt liðanna þessa keppni. Og eftir það heldur sumarið áfram sínum vanagangi.



MUNIÐ BÍLBELTIN



brennslan mín ...

Atli Freyr Steinþórsson þulur og útværpsmaður

Áhugaverðustu þjóðsöngvarnir

Atli Freyr Steinþórsson, útværpsmaður og hásíðanemi, er ákafur áhugamaður um þjóðsöngva. Hann var því tilvalinn í brennsluna hennar Birtu í tilefni af heimsmeistarkeppinum. „Áhugi minn á þjóðsöngum kom samhlíða áhuga mínum á tungumálum. Ég uppgötvaði að í hverjun þjóðsöng finnst hentugt dæmi um hvert tungumál. Rasmus Christian Rask sagði að hann þyrfti einungis fáði vorðið á hverju tungumáli til að skilja það til fullnustu. Ég segi: Gefið mér þjóðsönginni!“ Atli segir að verstu þjóðsöngvana sé yfirleitt að finna í gömlum nýlendurkjum því þau hermi yfirleitt illa eftir örðum. „Peir elstu og upprunalegustu er því alltaf bestir,“ segir Atli að lokum og bætir við að í brennslunni séu ekki endilega bestu þjóðsöngvarnir á HM. Til gamans má geta þess að Atli kann textana við alla þessa þjóðsöngva og ef þið hittíð hann á fornun vegi er hann alveg til í að taka lagið fyrir ykkur.

LAG 1 **England.** „God Save the King/Queen“ er þjóðsöngur allra heimsins þjóðsöngva, punktur. Þegar hann hljómar undir blaktandi Georgsfána langar mann að gráta.

LAG 2 **Méxicó.** Fyndnasti þjóðsöngurinn á HM, hljómar svoltið eins og leikskolasöngur sem Giuseppe Verdi samdi á örвандi lyfjum.

LAG 3 **Pólland.** Hressilegt gusto í þessum, enda ljóðinu beint til pólsku frelsishetjunnar Dabrowski [fríð. Domroffski] sem hver Pólvorji þekkir og elskar. Svona eins og ef þjóðsöngurinn okkar héti „Pú ert æði, Jón Sigurðsson“.

LAG 4 **Bandaríkin.** USA getur ekkert í fótbalta en þeir eiga samt flottan þjóðsöng. Lagið er enskur fyllibyttsöngur sem menn syngja nú við orðmarga fánahyllingu eftir smáskáld sem lenti í 1812-stríðinu við Bretu.

LAG 5 **Holland.** Ofurvirkuleg tónsmíð. Ljóðið líka einlægt, einræða frelsiskonungs þeirra Niðurlendinga, Vilhjálmss frá Óraníu. Í heyskapnum í sveitinni árið 1998 stalst ég inn til að heyra hann í fyrsta sinn á HM.

LAG 6 **Frakland.** Allir þekkja hann og elsa. Hann er samt blóðugasíti þjóðsöngur í heimi. Ég vitna í þýðingu Matthífasar Jochumssonar: „Á stord, sem steypiflóð, skal streyma níðingsblöð!“ Á vel við áður en leikur hefst. Vive la France!

LAG 7 **Brasilífa.** Einstaklega kaótiskur þjóðsöngur og einn sá lengsti í heimi (þrjár og hálft mínumáta). Minnir á balkanska lúðramúsík sem þykir betri sem glundroðinn er meiri. Maður verður stressaður að hlusta á hann.

LAG 8 **Japan.** Hægur, lágstemmdur og alvarlegur, nánast eins og jarðarfarsarálmur. Bünn áður en maður veit af, eins og hækja í þjóðsöngsformi.

LAG 9 **Pýskaland.** Voldugur lagboði eftir Haydn. Einu sinni sungu menn „Deutschland über alles“ en síðan mátti það ekki lengur og þá var leitað í þróðja erindið þar sem talað er um „einingu, rétt og frelsi“. Áhrifaríkur á heildina litíð.

LAG 10 **Portugal.** Byrjar á mjög banólum lúðraþyt, verður síðan frekar amúsíkskúr og ruglingslegur með kjánamelódíum. Aulahrollur sem Burt Bacharach væri fullsæmdur af.

» birta mælir með ...

... KAFFI FLÓRU

Í GRASAGARDÍNUM

Í Grasagarðinum kennir margra grasa og má þar einnig finna huggulegan veitingastað sem ber heitið Kaffi Flóra. Innan um fallegan gróður og gullfiskatjörn er borinn fram dýrindis matur og góðir drykkir. Teppi er á hverju borði ef sækir hrollur að gestum. Einnig eru útborð fyrir þá sem vilja njóta vedursins og ilmsins af gróðrinum. Vert að prófa.



... KOKTEILSTUND Á SALTI Viljirðu upplifa sannkallaða heimsborgarastemningu í miðri Reykjavík, þá skaltu endilega kíkja við á Salt í Pósthússtræti 2. Það er tilvalið að fara þangað eftir vinnu og panta sér kokteil, en á barnum er skemmtilegur úrvall drykkja. Fyrir kaffiunnendur þá er espresso martini líklega einn sá besti, en eins og nafnið gefur til kynna er þetta bragðgóð blanda af espresso og martini með fljótandi kaffibunaum, sem gott er að narta í þegar klárást úr glasinu. Svo er þjónustan til fyrirmynnar. Hallaðu þér aftur, lokaðu augunum og njóttu bragðsins af frískandi kokteil á Salti.

MacBook

NYTT

Það er liðin tíð að MacBook fáist eingöngu í hvítum gljándi plasthjúp. Nýju MacBook tölvuna er hægt að fá svarta sem nöttina.

Mikið er lagt upp úr últli tölvunnar, eins og oft vill verða hjá Apple. Eins og tölvan er flott, öll svört að innan sem utan, er klúðurslegt að allar snúrur eru hvítar. Fjöldaframleðslan eitt-hvað að vefjast fyrir Apple-mönnum.

Vélin lítur ekki einungis vel út að utan því um vinnsluna sjá Intel Core Duo örgjörvar sem eiga að vera fimm sinnum hraðari en fyrri örgjörvar. Skjáinn er mikið endurbættur og stuðst er við svokallaða glossy tækní sem gerir skjáinn 79% bjartari en fyrri iBook skjái og 30% meira sjónsvið.

Einhver bið verður eftir gripnum hér á landi en áhugasamir verða að beina öllum fyrirsprungum til Apple-umboðsins á Íslandi.





Fyrir alla þá sem láta sig
dreyma um Manolo Blahnik

Gerir lífið léttara

Buddy Farah er atvinnumaður í knattspyrnu. Ferill hans er með ólíkindum en á 29. aldursári hefur hann þegar afrekað að spila fyrir framan hundrað þúsund áhorfendur, gera risasamning við Coke, og klæðast treyju tveggja landsliða. Keflavík er á fljúgandi siglingu með Farah innanborðs og velta íslenskir knattspyrnuáhugamenn fyrir sér hvað í ósköpunum þessi maður sé að gera í íslensku deildinni?



» FRÁ BEIRÚT TIL KEFLAVÍKUR «

NÚ HEFUR PÚ BÆÐI SPILAÐ FYRIR LANDSLIÐ ÁSTRALÍU OG LÍBANON. HVERRAR PJÓÐAR ERTU?

Ég er bæði ástralskur og líbanskur ríkisborgari. Foreldrar mínr eru frá Líbanon en þau fluttu til Ástralíu áður en ég fæddist. Ég lít á sjálfan mig sem Ástralía og þangað liggja mínar taugar. Ástralía hefur gefið mér og foreldrum mínum svo mörg tækifæri, menntun, öryggi og gott líf og fyrir það er ég þakklátur.

Varðandi landsliðin þá spilaði ég með ungingalandslíðum og svo A-landsliði Ástralíu þangað til landsliðsjálfarinn tjáði mér að hann ætlaði að byggja upp liðið af leikmönnum sem spiluðu erlendis. Á sama tíma var mér boðið að koma til Líbanon, fá líbankst vegabréf og spila fyrir líbanska landsliðið. Þetta var ekki auðveld ákvörðun en fjárhaglega séð var mér boðið miklu meira en ég gat vonast eftir í Ástralíu. Landsliðsjálfarinn ástralski ráðlagði mér líka að taka boðinu svo ég sló til.

HVERNIG ER AÐ SPILA KNATTSPYRNU Í LÍBANON?

Það er ótrúlegt að upplifa hitann og ástrixuna hjá áhorfendum í Mið-Austurlöndum. Ég spilaði fyrir Nejmeh, sem staðsett er í Beirút, en eigandi félagsins var einnig forseti Líbanon. Við vorum að fá tuttugu til níutíu þúsund manns á leikina, allt eftir andstæðingum, en það er ótrúlegt að spila fyrir framan slíkan fjölda.

Reyndar er mesti áhorfendafjöldi sem hefur verið á leik sem ég hef tekið þátt í rúmlega hundrað þúsund manns. Það var á leik Líbanons og Írans. Svo mættu níutíu þúsund manns á leik Norður-Kóreu og Líbanon í Kóreu. Það var eftirminnileg stund, sérstaklega þar sem ég skoraði sigurmarkið.

ERU LAUNIN EKKI SVIMANDI HÁ FYRIR STÓRA ERLENDA LEIKMENN Í STÆRSTU KLÚBBUM MIÐ-AUSTURLANDA?

Jú, þau eru það í mörgum tilvikum. Það eru miklir peningar í umferð í mörgum þessara landa og það sést vel að því að olíufurstar eru farnir að kaupa evrópsk knattspyrnulið. Peningar eru líka stór ástæða þess að klúbbarnir ná að lokka stóra leikmenn til sín undir lok ferils þeirra. Marcel Desailly, Gabriel Omar Batistuta og Romario eru góð dæmi um menn sem komu og spiluðu í stuttan tíma fyrir mikinn pening, en Desailly var að fá 2,5 milljónir á dag. Í mörgum þessara landa borga menn heldur enga skatta.

PÚ FÉKKST LÍKA AUGLÝSINGASAMNING VIÐ COKE?

Við í Nejmeh urðum meistarar og það var komið fram við okkur erlendu leikmennina eins og ofurstjörnur. Coke var aðal styrktaráðili Nejmeh á þessum tíma og það leiddi til þess að ég var notaður í auglýsingaherferð fyrirtækisins í Mið-Austurlöndum.

AFF HVERJU ERTU KOMINN TIL ÍSLANDS?

Síðasti klúbbur sem ég spilaði fyrir var í Malasíu. Ég og klúbburinn vorum búin að ná markmiðum okkar og ég var kominn aftur til Ástralíu. Tímabilið þar endaði í desember og mig langaði að komast að í Evrópu. Leikmannamarkaðurinn er lok-aður á þessum tíma svo ég ákvað að reyna að komast að í Skandinávíu þar sem tíma-bilinu er öðruvísi háttáð. Ég vissi ekkert um Ísland áður en ég kom en Keflavíkingar hafa tekið mér afskaplega vel og þó svo mér lítist ekkert á veðrið hefur mér liðið vel hérna.

HVERJU VILTU NÁ ÚT ÚR FERLI PÍNUM?

Draumurinn er að komast að í sterku deild í Evrópu. Ástralska vegabréfið veitir lítil réttindi í Evrópu og hvað þá það líbanska. Ísland er því dýrnar mínar að Evrópu og ég vona að ég nái að standa mig vel og hjálpi Keflavík að ná markmiðum sínum. Ef það gengur eftir er aldrei að vita nema ég komist að hjá sterku liði í stórru deild.

GETURDU HUGSAÐ PÉR AÐ SPILA FYRIR ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ?

Nei, ég held ég láti það vera. Það eru landsleikir framundan með líbanska landsliðinu, meðal annars við Ástralíu og það verður sérstök stund fyrir mig. Annars er aldrei að vita ef ég kemst að hjá stóru liði í Evrópu, þá gæti ég snúið aftur í ástralska landsliðið.



Gefðu þér tíma í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**Ókeypis sætaferðir
frá BSÍ kl. 4.30 í boði
Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**

Innritun hefst kl. 5.00 eða 2 tímum fyrir brottför
Tilboðið gildir til **31. ágúst 2006**



Góðir farþegar

Við minnum á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því farþega til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

Njótið ferðarinnar, mætið tímanlega

Finnið rúturnar með okkar merki
Farþegar eru vinsamlegast beðnir um að sýna farseðil

Gleðipinninn Robbie Fowler hjá Liverpool þurfti lengi að sitja undir ásöknum aðdáenda Everton, hins liðsins í Bítlaborginni, um að hann væri á kafi í eiturlýfum. Þegar Fowler skoraði svo gegn Everton fannst honum tilvalið að fara á fjóra fætur og taka snjóhvítu vitateigslínuna í nefð. Enska knattspyrnusambandinu fannst þetta ekkert fyndið og dæmdi Fowler umsvifalaust í leikbann.



Og það var mark!!!

Texti: BRYNHILDUR BJÖRNNSDÓTTIR OG MAGNÚS TEITSSON

Myndir: NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES OG ÚR SAFNI

OG hann geysist upp völlinn...sólár alla af sér... leikur við hverja tá... og SKORAR!!! Mörkin eru það sem allt snýst um í fótbalta. Það er sama hversu fallega leikmaður eða -kona fer með knöttinn, hversu góðir vinir allir eru og hvað liðsheildin er sterk og markviss, ef mörkin eru ekki fleiri en hjá andstæðingunum er leikurinn tapaður og liðið í verri málum. Það er því

ekkert skrýtið að leikmenn fagni ákaft þegar þeim tekst að lauma tuðrunni í netið hjá andstæðingnum og jafnvel enn frekar þegar þeir þruma henni miskunnarlaust og af öllu afli framhjá markmanninum sem kemur ekki neinum vörnum við. Við þekkjum öll stellinguna hér til hliðar, fótboltamanninn á hnújánum í villtri gleði og einnig þegar liðsfélagar markaskorarans knúsa hann og kyssa svo sem hvergi annars staðar tíðkast að karlmenn geri. Sumir markaskorarar hafa gert fagnaðarlæti sín að listgrein og það getur verið mjög skemmtilegt að fylgjast með þeim jafnvel þó maður hafi ekki hundsvit á fótbolta.




Brasilíumenn skora mikil af mörkum og fagna þeim duglega. Þeir eru hins vegar margir mjög trúðir og vilja ekki sitja einir að heiðrinum, heldur vísa til æðri máttarvalda eins og Ronaldinho, besti leikmaður heims.

Svinn búlduleiti Tomas Brolin reis hæst sem leikmaður um miðjan síðasta áratug. Hann fagnaði þá jafnan með því að stökkva í hálfhring með vísifingurinn út í loft, en átti það til að detta á rassinn við áreynsluna. Brolin, sem var orð kallaður "Feiti dvergurinn" eftir samnefnndri krá, flosnaði upp úr fótboltanum vegna vilti lifniris en þegar síðast frétist af honum starfaði hann við ryksugsolumennsku í Svíþjóð.

Heimsmeistarakeppnin í Bandaríkjunum 1994 var frjór farvegur fyrir fögn. Brasilíski markahrókurinn Bebeto var þá nýbúinn að fylgja mannkyrinu og tók upp þann síð að þykjast vera að vagna barninu nýfædda í svefn. Þetta hafa margir nýbakaðir feður tekið upp síðan.

Stundum þarf bara að fá útrás. Á HM í Bandaríkjunum 1994 skoraði Nigériumaðurinn Rasheed Yekini fyrsta mark þjóðar sinnar í heimsmeistarakeppni og gat ekki hamið sig, heldur kreppti hnefana þar sem hann stóð í markinu og öskraði svo eftir var tekið um allan heim.



Ef mönnum dettur ekkert frumlegra í hug er alltaf hægt að renna sér á hnjanum og gefa tilfinningunum lausan tauminn. Hér sýnir Ganabúinn Samuel Kuffour réttu hreyfingarnar.

Það er fyrir löngu orðið klassískt að draga treyjuna upp og auglýsa vöxtinn. Sumir hafa þó fengið að lita gula spjaldíð fyrir það, enda er vist bannað að láta sjást í nafla og geirvörtur. Hér til hliðar sýnir Úrúgvænn Diego Forlan þvottabrettið.



JOOP!
JUMP
LEAP OUT OF YOUR SUIT



Dansinn er þeirra líf

» Tilþrifin eru mikil er þau taka sporin, hjónin Karen Björk Björgvinsdóttir og Adam Reeve. Þau hafa keppt til sigurs í hverri alþjóðlegu danskeppninni á fætur annarri og meira að segja landað heimsmeistaritli. Ávallt undir merkjum Íslands. Nú standa þau á vissum tímamótum.

„Við höfum ákveðið að hætta að keppa. Dagskráin er búin að vera stífljós hjá okkur lengi því við höfum eiginlega verið á flakkinu frá því að við kynntumst árið 1998,“ segir Karen brosand. Þrátt fyrir þessa ákvörðun segjast þau halda áfram að starfa úti um allan heim, meðal annars á Íslandi, enda vinni þau við að sýna samkvæmisdansa og þjálfa keppnisfólk í þeirri grein. „Dansinn er okkar líf. Atvinnumenn í íþróttum eru í því starfi tuttugu og fjóra tíma á sólarhring sjö daga vikunnar. Það er ekkert öðruvísi hjá okkur nema hvað við höfum ferðast rosalega mikið í tengslum við dansinn,“ segir Adam.

SJALDAN HEIMA

Viðtalið er tekið í Reykjavík, heima hjá foreldrum Karenar. Par halda þau hjón til þegar þau eru hér á landi en heimili þeirra er í Ástralíu, landinu hans Adams. „Við búum í suðurhluta Sidney, nærrí strönd og nálægt foreldrum Adams. Þar eignum við okkar litla parhús sem við keyptum fyrir tveimur árum. Samt erum við ekki í því nema kannski þrjá til fjóra mánuði á árinu,“ segir Karen og bætir við að eftir að þau hafi unnið heimsmeistarakeppnina í Tókýó 2003 hafi þau dvalið langdvölum í Japan við kennslu og sýningar. Þar segir hún gott að starfa. „Það er mikill áhugi á dansi í Japan og virðing borin fyrir þeim sem gera vel. Það er farið með okkur eins og kvíkmyndastjörnur og fólk borgar hátt verð fyrir sýningar sem við tökum þátt í. En þegar við höfum verið í stórborg eins og Tókýó þar sem ekkert er að sjá nema műrsteina og gráar götur þá kunnun við vel að meta sjó, fjöll og villta náttúru eins og við höfum í okkar heimalöndum.“

SIGURVEGARI SJÖ ÁRA

Karen og Adam fengu dansgenin í vöggugjöf því fótafimin er í aettum beggja. Karen segir föðursystur sína hafa kynnt fyrir henni danslistina en föðurömmuna, Ingunní Björgvinsdóttur þá ötulustu í dansinum innan fjölskyldunnar. Enn meiri er áhuginn þó Adams megin, foreldrar hans eru dansarar og reka eigin dansskóla enda segir hann sterka danshefð í Ástralíu. „Ég stundaði samt aðrar íþróttir sem unglungur, var í fótbalta, krikket og á sjóbrettum,“ segir hann. „Foreldrar mínr

vildu að ég lærði dans því hann hefði svo mikið félagslegt gildi. En þegar kom að því að velja framtíðarbraut þá leyfðu þau mér algerlega að ráða. Ég byrjaði samt ungur að dansa opinberlega og vann mína fyrstu keppni sjö ára gamall. Þá strax fékk ég metnað fyrir því að halda áfram.“

Eins og leiða má líkur að var það dansinn sem leiddi þau Adam og Karen saman. Karen var nýorðin sextán þegar hún hélt út í hinn stóra heim og settist að í London til að þjálfa sig í dansi. Þar var hún búin að vera í tæpt ár þegar hún hitti Adam. „Það eru sérstakir aefingastaðir í borginni og á einum slíkum stað kynntumst við,“ rifjar hún upp. „Við byrjuðum fyrst saman sem kærustupar en svo fórum við að dansa saman og náðum fljótt góðri samhæfingu.“ Hún viðurkennir að hafa verið ansi ung þegar hún stóð í öllu þessu. „Petta var alveg þess virði þótt ég hafi vissulega misst af mörgu hér heima, svo sem að vera með vinum mínum. En ef maður á góða vini þá eru þeir alltaf til staðar, sama hvaða braut maður gengur í lífinu og hvort maður hittir þá sjaldan eða oft,“ sannfærir hún blaðamann um.

STOLTIR FULLTRÚAR ÍSLANDS

Fljótega eftir að þau Adam og Karen hófu að stíga dansinn saman tóku þau þátt í miklu ævintýri með 42 öðrum dönsurum. „Við vorum á ferðalagi í eitt og hálftrár og sýndum í stórborgum í Ástralíu, Evrópu og Ameríku. Sýningin var sett upp sem samkvæmisdansasýning en krydduð með allskonar tilbrigðum,“ lýsir Karen.

Síðan hefur lífið hjá þeim hjónum snúist um sýningar, kennslu og keppnir. Lengi vel voru þau eins og tugbrautarkappar og kepptu bæði í svokölluðum Latín dönsum og Standard dönsum en eftir að hafa unnið heimsmeistarakeppnina 2003 í samanlögdum ákváðu þau að hætta á toppnum og keppa í aðskildum greinum eftir það. Alltaf hafa þau komið fram fyrir Íslands hönd. „Við höfum verið stolt af því að vera fulltrúa Íslands,“ segir Adam einlægur. Þegar hann er spurður hvort honum finnist Íslendingar hafa sýnt þeim tilhlyðilega athygli svarar hann því til að þau eigi mjög góða stuðningsmenn hér, þótt fáir séu. Karen er jákvæð líka. „Auðvitað hefði umfjöllun fjlmiðla





*„Við höfum haldið
okkur á beinni
braut og reynt að
sýna gott fordæmi
fyrir það unga fólk
sem er að þjálfa sig
í dansinum.“*

mátt vera meiri en við höfum reynt að láta það ekki fara í taugarnar á okkur heldur einbeita okkur að því sem við höfum verið að gera. Petta er svipað og með ballett og listdans. Það eru Íslendingar að gera góða hluti erlendis í þeim greinum án þess að það sé á allra vitorði.“

ALLTAF SAMAN

Adam dregur ekki dul á að keppnislífið hafi verið krefjandi og að þau hafi þurft að fórná ýmsu til að ná svona langt. Skyldi álagið aldrei hafa bitnað á sambandinu? „Nei, við erum frábært par. Það að við fundum hvort annað er mun meira virði en einhverjir Evróputilrar og heimsmeistaratitlar,“ svarar hann og horfir blitt á konu sína. Segir þau hafa þurft að setja sér reglur til að reyna að aðskilja vinnuna, þjálfunina og einkalífið. Karen tekur undir petta. „Fólk undrast oft hvernig við getum verið saman 24 tíma á sólarhring alla daga ársins en við erum orðin vön því og þekkjum ekkert annað. Svo ef annað okkar fer í burtu að vinna eða ég er hér heima í viku lengur en hann þá verða voða viðbrigði og það er eins og helmingurinn af manni sé farinn!“

Þau segjast samt fara út að skemmta sér hvort í sínu lagi með kunningum ef svo beri undir. „Ég ver tíma með vinkonum mínum og Adam með sínum vinum. Það skiptir heilmiklu máli og við höfum alveg passað upp á það,“ segir Karen. En skyldu þau stundum dansa á skemmtistöðum eins og annað fólk? Þau hlæja. „Ekki dansana sem við erum þjálfuð í. Það er ekki við hæfi. Við dönsnum bara eins og aðrir þegar við erum að skemmta okkur,“ segir Karen og Adam skýtur því inn í að þau hafi einmitt byrjað að dansa af því að þau höfðu gaman af því. Því megi þau ekki gleyma eins og stundum gerist hjá atvinnudönsurum.

ALDREI AÐ VITA HVAR NÆSTI MEISTARI LEYNIST

Þótt þau hjón séu í sportlegum fatnaði meðan á viðtalinnu stendur er freistandi að sprýra út í sýningardressin. Karen viðurkennir að það sé partur af prógramminu að líta vel út. „Ég læt sérhanna á mig kjóla og vel þá sem henta mínum stíl. Reyni svo að selja þá eftir að ég er búin að nota þá. Það er miklu minna mál með fötin hans Adams og kostnaðurinn við þau er lægri. Við höfum verið svo heppin að eiga styrktaraðila úti í Englandi þegar kemur að skókaupum. Það hefur hjálpað mikiloð. Við fórum í gegnum tuji para á ári,“ segir hún. Nú hafa keppnisskórnir verið lagðir á hilluna. Þó er ekkert iðjuleysi framundan hjá Adam og Karen því þau halda áfram að sýna og kenna. „Það skiptir ekki máli hvort fólk er byrjendur eða í toppflokk. Ef fólk vill læra þá verður að gefa því tækifærí því aldrei er að vita hvar næsti meistari leynist,“ segir Adam og brosir. Karen segir þau sjálf líka þurfa að vera í stöðugri endurmenntun. „Dansinn er alltaf í þróun. Við sem kennrarar verðum að hafa ímyndunaraflíð og athyglisgáfuna í lagi því við erum að hanna dansa fyrir fólk og finna út hvað hentar hverjum og einum.“ Hingað til Íslands ætla þau að koma reglulega og setja upp námskeið eins og þau hafa gert. „Við höfum haldið okkur á beinni braut og reynt að sýna gott fordæmi fyrir það unga fólk sem er að þjálfa sig í dansinum. Framtíðin er björt í þeirri grein hér á landi en það þarf að hlúa að henni,“ segir Adam og Karen á lokaorðin: „Hjá okkur hefur árangur í dansinum verið bæði draumur og markmið sem orðið hefur að veruleika. Það sýnir að allt er hægt ef maður trúir á það.“

Svona viljum við hafa það

Pegar maður tekur ilmandi steikina út úr ofninum, dimmir aðeins ljósin fyrir rómantíkska kvöldstund, kveikir á græjunum þá hugsar maður ekki um það hvernig rafmagnið verður til og hvernig því er komið inn á heimilið. Maður nýtur þess bara.

Núna geta allir landsmenn keypt rafmagnið frá Orkuveitu Reykjavíkur. Þá er ekkert vesen og allt í góðu lagi.



GULUR MATUR:

Sítrónupasta og grillaður ananas

» Gulur er sumarlegur og sólríkur litur og hann er það líka þegar kemur að mat. Gult hráefni er gjarnan það sem okkur finnst ferskt og frískt, eins og sítrónur og ananas.

Sítrónusafi og börkur er notaður á ótal vegu sem bragðbætur og hálfert krydd í mat og bakstur en ferskur ananas stendur yfirleitt einn og sér sem góður ávöxtur. Hér eru sítrónur notaðar í pastasósu og úr verður sérlega frískandi réttur sem einnig er góður með fiski. Á Amalfi-strönd á Ítalíu flæða sítrónurnar um allt og þær eru mikil notaðar í mat á allan mögulegan hátt. Þar er fiskmeti einnig hátt skrifð svo þennan rétt má tengja við staðinn. Ananasinn er ekki ítaliskur að uppruna en Ítalir eru mjög mikil fyrir hann og borða hann ferskan sem eftirrétt. Hér er hann grillaður í sneiðum og borinn fram með súkkulaðisósú úr Nutella-súkkulaði, sem þeir eru einnig mjög mikil fyrir.

SÍTRÓNUPASTA – FYRIR FJÓRA

500 g spaghetti
 1/2 bolli ólfuflóía
 25 g smjör
 3 hvítlauchsraf
 2/3 bolli rifinn parmesanostur
 1/2 bolli ferskur sítrónusafi, safi úr tveimur sítrónum
 salt og svartur pipar
 1 msk. rifinn sítrónubörkur, börkur af tveimur sítrónum
 2 msk. basilíka, söxuð

Hitið olíu á pönnu og bræðið smjörið í henni. Setjið hvítlauchsrafin saman við og látið malla á vægum hita í nokkrar mínútur svo olían fái hvítlauchskeim. Látið kólna. Hrærið saman hvítlaugsolíu, sítrónusafa, parmesanosti, salti og pipar. Athugið að sósuna er hægt að undirbúa fyrirfram til að flýta fyrir. Sjóðið spaghettið samkvæmt leiðbeiningum. Áður en þið hellið af pastanu, takið þá einn bolla af pastasoði frá og geymið til að nota í sósuna. Látið renna af pastanu og setjið aftur í pottinn eða í skál. Hellid nú örlistu soði í einu saman við spaghettið og hrærið, en soðið gerir sósuna mykri og rjómakenndari. Ekki setja of mikil soð svo sósan verði ekki of mikil og fljótandi. Berið fram með meiri parmesanosti.



Umsjón: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
 Mynd: GUNNAR SVERRISSON



Bragðið sem foreldrarnir bekkja



Það er engin tilviljun að Gerber barnamatur hefur verið mest keypti barnamatur á Íslandi um áraraðir. Íslenskir foreldrar eru aldir upp á Gerber og vita að gæðunum geta þeir treyst.

Gerber hefur í rúm 75 ár framleitt ljúffengan mat samkvæmt ströngum gæðastöðlum. Hann er laus við aukaefni og efna-mengun, hollur og góður fyrir litla munna og handhægur fyrir pabba og mömmur.

Lengi býr að fyrstu gerð.



C-vitamin



Heilbrigður vöxtur



Úrvals hráefni



**GRILLAÐUR ANANAS
MED NUTELLA-SÚKKULAÐISÓSU**

1 ferskur ananas, skorinn í sneiðar
 $\frac{1}{2}$ bolli hnetur að eigin vali, saxaðar
 $\frac{1}{4}$ tsk. vanilludropar
 1/3 bolli mascarpone-ostur
 1/3 bolli Nutella-súkkulaði í krukku
 3 msk. rjómi

Afhýðið ananasinn og skerið í sneiðar. Kjarnhareinsíð. Gott er að brúna á þessu stigi á þönnu eða í ofni, þær hnetur sem þið veljið að nota í réttinn. Pistasfur og heslihnetur eru góðar. Hrærið vanilludropana saman við mascarpone-ostinn og mykið ostinn vel. Gott er að láta hann standa við stofuhita í nokkurn tíma svo betra sé að eiga við hann. Hitið

Nutella og rjóma saman í potti við vægan hita. Grillið ananassneiðarnar á útigrilli eða grillpönnu þar til þar verða heitar í gegn, um þjár mínumútur á hlið. Snúið sneiðunum bara einu sinni svo að fallegar grillrákir myndist. Setjið tvær sneiðar á disk. Dreypið Nutellasósu yfir, setjið mascarpone-klípu í miðjuna og stráið hnetum yfir. Berið fram heitt.



cypress

undo. unwind.
uncomplicated.



cypress

White Zinfandel
California

Innreið skrúfutappans.

Í hugum margra er korktappinn tákna um gæði. Það mátti lengi vel til sanns vegar fáera að hægt væri að meta gæði vínnanna eftir því hversu mikil var lagt í korktappann.

Ódýrari víni voru með tappa úr korkmulningi en dýru Bordeaux-vínin með löngum gegnheilum korktöppum, og eru reyndar enn.

Síðan fóru að sjást plasttappar sem þótti frekar ófint, ekki bætti úr skák að þegar skrúfutapparnir fóru að koma fram, ætlaði allt um koll að keyra af hneykslan, þótti mikil óvirðing við vínið.

Staðreyndir málsins eru hinsvegar að eftir margra ára rannsóknir hefur komið í ljós að skrúfutappinn er besta geymsluáferðin fyrir víni. Ekki í neinni annari matvælaframleiðslu hafa menn sætt sig við allt að 15% afföll eins og reyndin hefur verið með víni, einfaldlega vegna þess að korktappinn er ekki nógu öruggur.

Gott dæmi um ódýrt gæðavín með skrúfutappa er Cypress White Zinfandel.

Vínið er ferskt og unglekt, laxableikt að lit. Íangan eru sætir tónar af jarðarberjum, hindberjum og rifsberjum. Það sama kemur frám við fyrstu kynni í munni. Ölikt flestu öðru blush-vínini er það með góða ferska sýru og því ekki bara gott sem fordrykkur heldur líka frábært með mat. Ferskleiki vínsins undirstríkast líka af létttri kolsýru. Hentar einstaklega vel með grilluðum kjúklingi og laxi. Ljúfengt með t.d. kjúklingasalati og sjávarréttasalati.

Vínið verður á lækkuðu verði í sumar í Vínþúðum og kostar 890 kr.



Birta ákvað að fá þrjá fagurkera til liðs við sig til þess að velja flottstu og ljótstu treyjurnar sem verða notaðar á heimsmeistarakepninni í sumar. Peir sem skipuðu dómnefndina voru Garðar Gunnlaugsson, knattspyrnukappi, Álfrún Pálsdóttir, tískuskribent Fréttablaðsins, og Þorkell Máni Pétursson, útvarpsmaður og fótboltajálfari. Ráðgjafar Birtu skoðuðu myndir af öllum búningunum og völdu þrjá ljótstu búningana og fimm flottstu. Ráðgjafarnir sem sáu í dómnefndinum voru nokkuð sammála um valið en hér eru niðurstöður dómnefndarinnar.



FLOTTUSTU BÚNINGARNIR Á HM ...



og ljótstu

LJÓTUSTU BÚNINGARNIR:

1. Kosta Ríka

Garðar: „Petta Joma merki er eins og einhver Puma eftirlíking.“

Álfrún: „Það er eins og það sé búið að mála á búningana en samt ekki.“

Þorkell Máni: „Eins og búningur hjá utan-deildarliði sem er að reyna að taka sig alvarlega.“

2. Ekvador

Álfrún: „Ljót svona þema þegar reynt er að setja fánann inn í búningana.“

Garðar: „Alveg forljótt.“

3. Argentína

Þorkell Máni: „Pessi búningur og þessir litir eru orðin mjög þreyttir.“

Álfrún: „Argentína er alveg búið.“



„Hvað er með Ásum?“

Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttr Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, bjóððháttarfæðings.

Laxárstöðvar í Aðaldal



Orka í iðrum jarðar!

Heimsækid gestastofuna í Kröflu, sjáð myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu. Kröllustöð í Mývatnssveit



Fjölmenningsarsamfélagið Ísland!

Hvaða sýn hafa nýbúar á land og þjóð? Listsýning nokkurra nýbúa. Skemmtidagskrá margar helgar í sumar. Ljósafossstöð við Sog

Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!

Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útvist norðan Vatnajökuls. Göður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.

Végarður í Fljótsdal



List og saga

„Andlit Þjórsæla – mannlif fyrr og nú“. Málverkasýning Hlífars Snæbjörnssonar. Athyglisverð sölusýning á landslagsmálverkum.

Sultartangastöð ofan Þjórsárdals



Með krafta í köggum!

Sýning á myndum Halldórs Péturssonar listmálarar við Grettissögu. Kynnið ykkur orkumannvirki sem kemur á óvart.

Blöndustöð, Húnaþingi

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á www.landsvirkjun.is og í síma **515 9000**.



Landsvirkjun


Góðir straumar í 40 ár




4



1



3



5

FLOTTUSTU BÚNINGARNIR:

1. Króatía

Álfrún: „Pessi er gegjaður. Alveg samkvæmt nýjustu sumartískunni.“

Porkell Máni: „Lang svalasti búningurnir.“

2. Holland

Garðar: „Mjög old school og flott.“

3. Spánn

Porkell Máni: „Töff þessir gömlu litir.“

Álfrún: „Línurnar eru líka flottar og öðruvísi.“

Garðar: „Mjög retro.“

4. Frakkland

Porkell Máni: „Kraginn er mjög töff. Pínu eins og Svarthöfði.“

Garðar: „Ákveðinn hroki yfir kraganum.“

5. Portúgal

Porkell Máni: „Mér hefur alltaf fundist þessi vera frekar flottur. Pottþétt litasamsetning.“

Álfrún: „Sokkarnir eru líka flottir.“



2



BÚÐIN

PAR SEM FAGMENNSKA OG GÆÐI KOMA SAMAN

HM 2006

**EKKI MISSA
AF NEINU**

KiSS DP-558 80GB - digital video recorder

Tengdu þig hvar sem þú ert við spilarann og stjórnaðu honum!



PC/MAC

DP-558

- Stafrænt vídeóupptökutæki / DVD Margmiðlunarspilari
- **80GB** innbyggður harður diskur - Allt að 120klst í upptöku
- Vefútvarp, vefveðurspár og vefleikir
- Tengingar: Loftnet, Netkort, SCART, Composite Video, Component Video og S-Video
- Hægt er að tengja spilarann við bæði Mac og PC tölvur
- Timeshift - Stoppaðu beina útsendingu og haltu svo áfram begar þú viit!
- Tengdu þig hvar sem þú ert við spilarann og stjórnaðu honum!
- Styður: DVD/MPEG-4/DivX/XviD/Audio CD/MP3/Ogg Vorbis/JPEG

Verð:

49.900 kr.

K| i |S|S
Networked Entertainment



KiSS VR-558 300GB - digital video recorder

Tengdu þig hvar sem þú ert við spilarann og stjórnaðu honum!

- Stafrænt vídeóupptökutæki og DVD Margmiðlunarspilari
- **300GB** innbyggður harður diskur
- Vefútvarp, vefveðurspár og vefleikir
- Tengingar: Loftnet, Netkort, SCART, Composite Video Component Video og S-Video
- Styður: DVD/MPEG-4/DivX/XviD/Audio CD/MP3/Ogg Vorbis/JPEG
- Timeshift - Stoppaðu beina útsendingu og haltu svo áfram begar þú viit!
- Tengdu þig hvar sem þú ert við spilarann og stjórnaðu honum!
- Hægt er að tengja spilarann við bæði Mac og PC tölvur

Verð:

79.900 kr.




**TAKTU
LEIKINN UPP
STAFRÆNT I
SUMAR**

PC/MAC

K| i |S|S
Networked Entertainment



Þegar kemur að því að velja tölvubúnað skipta gæði og þjónusta höfuðmáli!



www.budin.is





LOVELY
SARAH JESSICA PARKER
THE FIRST SCENT



Jón Hermannson hannar fallega demantskartgripi en hönnuninni er ætlað að vera jafn eilf og steinninn sjálfur. Mynd: STEFÁN

Margar konur sem eru gefnar fyrir demanta myndu ófunda Jón Hermannsson úrsmið en starf hans felst í því að kaupa inn demanta og búa til úr þeim fallega skartgripi sem heilla augu og hjórtu.

Hægt er að segja að Jón Hermannsson sé fæddur úrsmiður enda sonur Hermanns Jónssonar sem rekur úraverslunina við Veltusund í miðbæ Reykjavíkur. Jón segist hafa haft áhuga á úrsmiði frá því hann var barn en faðir hans hóf sinn feril árið 1966, sama ár og Jón fæddist.

„Faðir minn opnaði sína fyrstu verslun það ár og fyrir þrjátíu árum fluttum við starfsemina í Veltusundið en þar hafði verið starfrækt úrabúð frá árinu 1881. Því er þetta elsta úrabúdin á Íslandi,“ segir Jón.

Jón hefur mest unnið við allt sem viðkemur úrum en fyrir um sjö árum venti hann kvæði sínu í kross og heillaðist af demontum. Jón flytur inn demanta frá Ísrael en um áttatíu prósent af öllum demantanánum eru í eigu gyðinga þar í landi. „Demanturinn er flókið fyrirbæri og því skemmtilegt að vinna við hann. Í minni hönnun legg ég upp úr því að demanturinn fái að njóta sín. Ég vil hanna fágaða skartgripi með klassískri umgiðrð sem fer aldrei úr tísku,“ segir Jón sem fer sínar eigin leiðir í hönnun á umgiðrðum

Eilíf hönnun



Tveggja karata Brilliant cut demandshringur með hönnun Jóns, fjögurra klóa umgiðrðinni. 2,00 CT VVS gæði.
Mynd: PJETUR



Glæsilegur þriggja steina Brilliant cut demandshringur með fjögurra klóa umgiðrð.
Mynd: PJETUR



Tennisarmband úr hvítagulli skreytt með demantsteinum.
Mynd: PJETUR



Eyrnalokkar úr hvítagulli, samtals tvö karöt. Fjögurra klóa umgiðrð. Brilliant cut.
Mynd: PJETUR

í kringum demantinn. „Ég byrjaði með Tiffanies Classic sem er með sex klóm utan um steinið. Síðan fór ég út í minn eigin stil í grindinni sem eru fjórir armar utan um steininn. Bæði finnst mér það stílfegurri hönnun og demanturinn fær að njóta sín betur, bæði hreinleikinn og liturinn. Þetta vinn ég í samvinnu við Sigurð Inga Bjarnason gullsmið sem er mikill listaður. Svo hef ég sérfræðing á mínum snærum sem vinnur það vandaverk að setja demantinn í grindina en það er ekki á hvers manns fær að gera það.“

Í verslun sinni hefur Jón verið að selja demandshringa sem fara upp í allt að firm karót en slíkur steinn jafnast á við góðan jeppa í verði. „Demanturinn sjálfur er harðasta lífræna efnið sem til er í heiminum,“ segir Jón en með hönnun sinni reynir hann að varðveita sérstöðu þessa fallega steins. „Demanturinn er líka tákhrænn fyrir það leytí að hann er mjög verðmætur. En ætli mesta verðmæti demantsins liggi ekki í því að hann er eilffur.“

Viðtal: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR

Ný sending

Kjólar á brúðina mömmuna
ömmuna og brúðarmeyjuna



Prinsessan

Verslun/mjódd • 5674727 • www.prinsessan.is

Síð pils og gallabuxur!

Kynning



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
gallabuxur kr. 6.900, kjöll kr. 3.490 og belti kr. 1.990

Benetton / Sisley - Smáralind
Kr. 6.995

NEXT - Kringlunni
Kr. 5.190

Það liggar nú enginn vafi á því að þegar sumarið kemur á Íslandi þá er nauðsynlegt að eiga flottar, síðar gallabuxur þar sem sumarveðrið getur verið ansi kalt. Þó eignum við nú okkar góðu og hlýju sumardaga og þá koma kvartbuxurnar sér einstaklega vel sem og falleg pils sem líta meir og meir dagsins ljós nú þegar júnímánuður er genginn í garð. Svartar gallabuxur eru vinsælar þetta sumarið eins og þær bláu og einnig hörbuxur sem seljast eins og heitar lummur á þessum árstíma enda einkar þægilegar sem og flottar.



NEXT - kringlunni
Kr. 2.990



Glamúr - Laugavegi
Kr. 4.900



Noa Noa - Kringlunni
Kr. 6.990



NEXT - Kringlunni
Kr. 2.990

Nú fara mýsnar á stjá

» Hin bráðskemmtilega heimsmeistara-keppni í fótbolta er nú að hefjast. Vitað er að mýsnar bregða á leik þegar kötturinn fer að heiman en þegar kötturinn er límdur við skjáinn hvetjandi knattspyrnumenn alla leið til Þýskalands fara mýsnar að heiman til að njóta lífsins.



DEKUR Í STAÐ BOLTA

Þegar maðurinn þinn er búinn að hreiðra um sig ásamt vinum sínum fyrir framan imbann með stofuna fulla af snakki og bjór er best að yfirgefa heimilið. Smalaðu saman nokkrum góðum vinkonum sem eiga við sama heimilisvandamál að striða og takið saman einn góðan dekurdag.

Í Bláa Lóninu, Laugum, Betrunarhúsini og fleiri stöðum er boðið upp á ýmiskonar dekurþjónustu allt frá táslusnyrtingu til hársvarðarnudds. Dagurinn reynist þá hin besta slökun í góðra vina hópi og auðveldara er að takast á við dapran mann sem bíður heima með sárt enni yfir úrslitum fótbolaleikja dagsins þegar líkami og sál er endurnærð af atvinnudekrurum.



VERSLAÐ Í FRIÐI

Skellið ykkur í búðir og endurnýð fata- og skóskápinn. Kosturinn við að gera slík innakaup á fótboltadögum er að eiginmaðurinn er lítið sem ekkert að fylgjast með hvað þú berð marga poka inn í hús. Hans augu eru límd við skjáinn meðan þú tekur upp úr tú fatapokum og raðar upp sex nýjum skóþörum í forstofuna. Hann sprýr ekki einu sinni hvað þú varst að kaupa því ekki vill hann koma af stað samræðum í miðjum sóknarleik Brasilíumanna.



KVENVÆDD ÍBÚÐ

Ef eiginmaðurinn bregður sér af þeim til að fylgjast með fótboltanum er um að gera að nýta tækifærð og hreinsa aðeins til. Kaupið blóm og bleikt skraut inn í íbúðina, kveikið á ilmkertum, setjið á slakandi tónlist, látið renna í búbbalbað og skenkið í eitt kalt hvítvínsglas. Dragið svo djúpt andann og blásið frá og þakkið í huganum fyrir þessa góðu stund sem þið eigið áreitslausrar.

GOLF OG VEIÐI

Meðan boltinn stendur sem hæst liggur allt strákadót eiginmannsins ónotað inni í skáp. Hví ekki að reyna fyrir sér og sjá hvort áhugi kvíknar fyrir einhverju af áhugamálum hans. Taktu einn golfhring, finndu þér á til að prófa veiðigræjurnar eða skelltu þér á rúntinn. Pað er aldrei að vita nema þetta reynist hin besta skemmtun.




ÉG VIL FARΑ, UPP Í SVEIT

Losnaðu endanlega undan fótbolataréiti með því að fá vinkonurnar með í helgarferð. Leigið bústað eða sláið upp tjöldum og njótið helgarinnar saman.





www.minnsirkus.is



SIRKUS TV

SAILESH

MÁNUDAGA KL 21:50

Dávaldurinn Sailesh hefur slegið rækilega í gegn hér á landi og uppselt hefur verið á hverja sýningu hans af annarri. Í þessum þáttum eru sýnd brot af því besta frá sýningum hans á Íslandi og líkurnar á því að þú sjáir einhvern sem þú þekkir dáleiddan eru töluberðar. Ekki missa af því!

FYLGSTU MED!

Emilía Örlygsdóttir
elur upp



Áherslurnar endurskoðaðar

Í síðustu viku fór ég með son minn í heimsókn í Ísaksskóla þar sem hann ætlar að fara í fimm ára bekk næsta vetur. Í heimsókninni var bömunum sagt hvað þau þyrftu að kunna áður en þau byrjuðu í skólanum og hvað þau myndu svo læra næsta vetur. Mér til ekkert svo mikillar undrunar kunni sonur minn nánast allt sem bömin eiga að læra í skólanum næsta vetur en nánast ekkert af því sem hann á að kunna áður en hann byrjar í skólanum. Ég er nefnilega nýbúin að átta mig á því að áherslurnar hjá mér hafa verið svoltið einkennilegar hingað til þegar ég hef verið að kenna honum á lífið og tilveruna.

Á sama tíma og flestir aðrir venja börnin sín af blejnum var ég að kenna syni mínum stafina. Á kvöldin þegar ég las fyrir hann, stafaði ég fyrst fyrir hann titilinn á bokunum og hann endurtók stafina sem ég nefndi. Fljótega var það orðið þannig að hann stafaði sjálfur titilinn fyrir mig og ég las svo bókina fyrir hann. Eins og hálfars árs kunni hann því alla stafina en var ennþá með blejnum. Þegar ég loksns fattaði að taka af honum blejuna var hann orðinn svo tilbúinn að hætta með hana að hann fór bara sjálfur á klósettið þegar honum var mál og pissaði standandi. Þá ákvað ég að ég yrði að fara að passa betur upp að það væri svoltið samræmi í því sem ég kenni honum og að bóklegrir og verklegir þættir fylgdust að.

